



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Starfsreglur Jafnréttissjóðs Íslands

1. Markmið og starfsemi

Markmið Jafnréttissjóðs Íslands, sem stofnaður var með samþykki þingsályktunar 1009/2015 í tilefni af 100 ára kosningaréttarafmæli íslenskra kvenna, er að fjármagna eða styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að efla jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi og á alþjóðavísu. Jafnréttissjóður Íslands nýtur framlaga af fjárlögum í fimm ár, 100 milljónir króna á ári, frá ársbyrjun 2016 til ársloka 2020. Niðurstöður verkefna og rannsókna, sem styrk hljóta úr Jafnréttissjóði Íslands, verða gerðar aðgengilegar á vefsvæði Stjórnarráðs Íslands í þeim tilgangi að þær nýtist sem best til framfara á sviði jafnréttismála.

Alþingi kýs fimm manna stjórn sjóðsins og jafn marga til vara til fimm ára samkvæmt þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands. Stjórnsýsla sjóðsins, þ.m.t. varsla og dagleg umsýsla hans, heyrir undir velferðarráðuneytið. Sjóðsstjórnin starfar á grundvelli reglna nr. 365/2016 um úthlutun styrkja úr Jafnréttissjóði Íslands.

Starfsreglum Jafnréttissjóðs er ætlað að auka gegnsæi og tryggja fagleg vinnubrögð sjóðsstjórnar.

2. Mat á umsóknum

Mat á umsóknum byggist á þeim tilgangi sjóðsins að fjármagna eða styrkja verkefni og rannsóknir sem stuðla að framgangi kynjajafnréttis.

Í samræmi við þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands og reglur um úthlutun úr sjóðnum leggur stjórnin áherslu á að veita fé til verkefna sem:

- a. eru til þess fallin að vinna gegn launamun kynjanna og efla almennt jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og í atvinnulífinu,
- b. varpa ljósi á samfélagslegan, umhverfislegan og efnahagslegan ávinning af auknu jafnrétti og styrkja jafnrétti á alþjóðavísu, t.d. með kynningu á íslenskum lausnum og áherslu á bættu stöðu kvenna í þróunarlöndum og á norðurslóðum,
- c. ætlað er að vinna gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi,
- d. falla undir þróunarverkefni í skólakerfinu sem ætlað er að stuðla að sterkri og jákvæðri sjálfsmynd pilta og stúlkna, svo sem með aukinni fræðslu í kynjafræðum,
- e. eru til þess fallin að hvetja ungt fólk af báðum kynjum til aukinnar samfélagsþátttöku og stjórnmalastarfs og stuðla að aukinni kosningaþátttöku þess,
- f. eru til þess fallin að varpa ljósi á stöðu kynjanna jafnt í samtíð sem fortíð.

Stjórn Jafnréttissjóðs Íslands leitast við að auka þekkingarsköpun á sviði jafnréttismála með hagnýtingargildi rannsókna og verkefna að leiðarljósi.

3. Styrkhæfi umsókna

Stjórn Jafnréttissjóðs Íslands starfar samkvæmt þeim megintilgangi að efla jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi og á alþjóðavísu. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn verkefni og rannsóknir einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka. Við ákvörðun um styrkhæfi umsókna skal stjórnin leggja mat á eftirfarandi: gæði verkefnis- eða rannsóknaráætlunar, þ.m.t. markmið og skipulag verkefnis, hagnýtingargildi og mikilvægi þess og getu umsækjenda til að leysa verkefnið. Verkefnisstjórar rannsóknarverkefna skulu hafa lokið háskólanámi við alþjóðlega viðurkenndan háskóla. Sé sótt um styrk til rannsóknar sem er hluti af doktorsnámi skal leiðbeinandi vera tilgreindur sem verkefnisstjóri. Enn fremur metur stjórn hagnýtingargildi rannsóknar sem og nýmæli hennar, gildi þekkingarsköpunar og þátt ungra vísindamanna í verkefni.

4. Ákvörðunarvald stjórnar um veitingu styrkja

Stjórn Jafnréttissjóðs Íslands er falið ákvörðunarvald um hvaða umsækjendur skuli hljóta styrki hverju sinni. Stjórnin skal viðhafa vandaða stjórnarsýsluhætti og byggja ákvarðanir sínar á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum. Stjórninni ber að gæta jafnræðis við mat umsókna og ákvörðun um úthlutun. Ákvarðanir stjórnarinnar eru undanþegnar skyldu til rökstuðnings, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, og jafnframt undanþegnar kærheimild, en um þær gilda meginreglur stjórnarsýsluréttar og stjórnarsýslulaga.

5. Eftirfylgni stjórnar vegna veittra styrkja

Stjórn Jafnréttissjóðs Íslands skal upplýsa styrkþega um að þeim er skv. 6. gr. reglna um úthlutun styrkja úr Jafnréttissjóði Íslands skylt að gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár. Enn fremur skal stjórnin tryggja að niðurstöður verkefna sem styrk hljóta séu kynntar almenningi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.